



Hafnarfjarðarbær, skólaskrifstofa  
Magnús Baldursson, sviðsstjóri  
Linnetstíg 3  
220 - Hafnarfirði

Hafnarfjörður, 19. september 2014

**Efni: Beiðni vegna skólamáltíða: Foreldraráð Hafnarfjarðar óskar eftir að foreldrar í Hafnarfiði geti valið um vikudaga í áskrift að mat hjá Skólamat.**

Foreldraráð Hafnarfjarðar óskar eftir með bréfi þessu að samningur við Skólamat verði endurskoðaður og foreldrum gefinn kostur á að velja vikudaga í mataráskrift.

Samkvæmt upplýsingum Foreldraráðs Hafnarfjarðar þarf Hafnarfjarðarbær að veita sitt samþykki fyrir að opnað verði fyrir þennan valmöguleika í mataráskrift í skólum Hafnarfjarðar. Nokkur óánægja hefur verið um skeið hjá foreldrum um að ekki sé hægt að velja ákveðna daga í mataráskrift hjá Skólamat en í nágrannasveitarfélögunum Garðabæ og Kópavogi er slíkt hægt. Ekki verður séð að það þurfi að þýða aukinn kostnaður þar sem verð per máltíð kostar krónu minna í Kópavogi en í Hafnarfirði þrátt fyrir að foreldrar í öllum skólum þar fyrir utan Snælandsskóla hafa val um hvaða daga þeir velja í áskrift. Hér fyrir neðan má sjá hvað máltíðir í nágrannasveitarfélögunum kosta og ljóst er að máltíðin er 12 kr. dýrari í Garðabæ en í Hafnarfiði. Verð á máltíð í áskrift samkvæmt heimasíðu Skólamats: Garðabær 428 kr., Hafnarfjörður 416 kr., Kópavogsbær 415 kr.

Á hverfafundum með bæjarstjóra sl. skólaár var þetta mál tekið upp og í yfirliti svara frá hverfafundum var tekið fram að málið væri í athugun. Nú er nýtt skólaár hafið og ljóst að foreldrar í Hafnarfiði hafa ekki val um ákveðna daga. Foreldraráð Hafnarfjarðar hafa haft af því fregnir að heldur hafi fækkað börnum í áskrift í Skólamat en eru ekki með neinar tölur því til stuðnings. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar hlýtur að hafa upplýsingar um hvort um sé að ræða raunverulega fækkun eður ei. Mikilvægt er að hafa val og foreldrar óska eindregið eftir að hafa val um ákveðna vikudaga í Skólamat. Eftir sem áður má gera ráð fyrir að stór hluti foreldra velji áfram að hafa börn sín fimm daga vikunnar í áskrift að Skólamat. Breytingin gæti haft í för með sér fjölgun þar sem hætt er við því að þeir sem myndu velja tvo til þrjá daga sleppi alveg áskriftinni miðað við núverandi fyrirkomulag.

Virðingafyllt

Sveina Peta Jensdóttir, talsmaður Foreldraráðs Hafnarfjarðar